

# Vatn á veggjum vinnu- stofu

VATNIÐ er rauði þráðurinn í verkum myndlistarkonunnar Guðbjargar Lindar Jónsdóttur en hún stendur þessa dagana fyrir sýningu á vinnustofu sinni á Suðurlandsbraut 26. „Ég var alltaf vatnshrædd sem barn,“ segir listakonan sem óx úr grasi á Ísafirði, mitt á milli hafs og hamra. Eðli málsins samkvæmt flæða fossar og vötn því um myndheim hennar. Annars vill Guðbjörg Lind ekki tala mikið um verkin. Þau skýra sig sjálf.

Guðbjörg Lind kom fram á sjónarsviðið í myndlist fyrir áratug en síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Á sýningunni í vinnustofunni eru tólf verk, öll unnin með olíu á striga. „Ég held að það sé fyrst og fremst hrein og bein þróun sem hefur átt sér stað,“ segir listakonan sem efndi síðast til einkasýningar í Nýhöfn fyrir þremur árum. „Það er meira andrúmsloft í myndunum núna, auk þess sem fleiri litir hafa bæst við - þetta er meira litaspil.“

Guðbjörg Lind kann ákaflega vel við sig á annarri hæðinni á Suðurlandsbraut 26 en hún bjó áður við þröngan kost í Hafnarstræti 18. Húsnæðið er í eigu Búnaðarbankans og hafði staðið autt um langt árabíl þegar Guðbjörg Lind og þrír aðrir myndlistarmenn tóku það á leigu í fyrra. „Skemmtistaðurinn Sigtún var hér áður en búið var að hreinsa mest af þeim minjum út. Hér er gott andrúmsloft og enginn draugagangur en auk þess hentar þessi aðstaða myndlistarmönnum mjög vel.“

Ánægð með útkomuna

Ástand sýningarmála myndlistarmanna hefur um hríð verið í brennidepli og það vekur vissulega athygli að Guðbjörg Lind



Morgunblaðið/Kristinn

GUÐBJÖRG Lind Jónsdóttir myndlistarkona ásamt syni sínum Marteini Hjartarsyni. Greina má foss í bakgrunni.

skuli kjósa að efna til sýningar á vinnustofu sinni. Hún segir að það sé kostnaðarsamt að halda myndlistarsýningu auk þess sem góðir salir séu ekki á hverju strái. Listakonan lét því kylfu ráða kasti og kvartar ekki yfir útkomunni. „Ég hafði unnið að sýningu um nokkurt skeið án þess að hafa ákveðinn sal í huga. Þegar ég kom hingað sá ég hins vegar að vinnustofan hentaði sem sýningarsalur þar sem hátt er til lofts og birtan góð. Það hefur komið fólk á óvart hvað þetta kemur vel út og margir myndlistarmenn hrifist af þessu

fyrirkomulagi. Ég gæti því vel hugsað mér að gera þetta aftur.“

Jón Axel Björnsson, Lisbet Sveinsdóttir og Valgarður Gunnarsson deila húsnæðinu á Suðurlandsbrautinni með Guðbjörgu Lind en allir listamennirnir eru með sína eigin vinnustofu. Guðbjörg Lind kann vel að meta félagskapinn og segir að samskiptin séu hæfilega mikil. Hafa listamennirnir hug á að efna til samsýningar í húsnæðinu í náninni framtíð.

Sýning Guðbjargar Lindar er opin frá klukkan 14-18 um helgar og frá klukkan 14-16 virka daga. Hún stendur til 21. maí.